

**Nd.** **819. Frumvarp til laga** [469. mál]

um breytingu á lögum um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20 30. apríl 1986.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Við 2. másl. 2. mgr. 6. gr. bætist:  
Landssamband smábátæigenda.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með lögum um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986, var siglingamálaráð stofnað. Verkefni ráðsins eru m.a. að vera ráðgefandi aðili fyrir ráðherra og siglingamálastjóra í málum varðandi starfsemi Siglingamálastofnunar og að fjalla almennt um öryggismál skipa og báta. Í ráðinu eiga sæti fulltrúar frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Sjómannasambandi Íslands, Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja og Slysavarnafélagi Íslands.

Landssamband smábátæigenda er samband félaga og svæðisfélaga smábátæigenda upp að 10 brúttólestum. Í 2. gr. samþykktu sambandsins segir m.a. að tilgangur þess sé að stuðla að framförum á sviði fiskveiða, vöruvöndunar, öryggis- og tryggingamála og annarra mála er smábátæigendur varði.

Sambandið var stofnað 5. desember 1985 um svipað leyti og frumvarp til laga um Siglingamálastofnun ríkisins var lagt fram á Alþingi. Hugsanleg aðild sambandsins mun því ekki hafa komið til umræðu fyrir eða við afgreiðslu málsins á Alþingi, enda var þá lítt vitað um tilvist þess. Í dag eru félagsmenn u.þ.b. 2000 sem eiga um 1720 báta. Af þeim eru 1–200 bátar undir sex metrum að lengd og því ekki eftirlitsskyldir samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 51/1987. Samkvæmt skipaskrá hinn 1. janúar 1988 voru 1686 eftirlitsskyld skip minni en 10 brúttólestir að stærð. Landssamband smábátæigenda hefur því innan sinna vébanda eigendur flestra skoðunarskyldra skipa innan þessara stærðarmarka og eru félagar þess dreifðir um allt land.

Eins og kunnugt er hefur skipum undir 10 brúttólestum að stærð fjölgað mjög á undanförunum árum og er ekki fyrirsjáanlegt annað en að sú fjölgun muni halda áfram. Eðlilegt verður því að teljast að Landssambandi smábátæigenda verði veitt aðild að siglingamálaráði.